

## Svar

velferðarráðherra við fyrirspurn Margrétar Tryggvadóttur um lífeyristryggingar.

1. *Hversu mikið greiðir ríkið vegna lífeyristrygginga, sundurliðað milli ríkistryggða kerfisins og almenna kerfisins?*

Heildargreiðslur vegna lífeyristrygginga frá TR námu samtals 53.531 millj. kr. á árinu 2009. Ekki liggja fyrir endanlegar tölur vegna ársins 2010 en bráðabirgðatala nemur 51.991 millj. kr.

Til lífeyristrygginga ríkistryggða kerfisins teljast eftirtaldir bótaflokkar: Ellilífeyrir, örorkulífeyrir, aldurstengd örorkuuppbót, tekjutrygging, örorkustyrkur og barnalífeyrir samkvæmt lögum nr. 100/2007, um almannatryggingar. Einnig endurhæfingarlífeyrir, heimilisuppbót og allar uppbætur á lífeyri samkvæmt lögum nr. 99/2007, um félagslega aðstoð.

Lífeyrisgreiðslur frá LSR námu á árinu 2009 alls 23.358 millj. kr. Endanleg tala vegna ársins 2010 liggur ekki fyrir en bráðabirgðatala nemur 24.247 millj. kr.

Allar greiðslur úr A-deild LSR, B-deild LSR, Séreign LSR, til fyrrum embættismanna og úr Lífeyrissjóði hjúkrunarfræðinga eru meðtaldar. Greiðslur úr A-deild LSR og Séreign LSR eru að fullu fjármagnaðar með iðgjöldum og er hlutur launagreiðenda í lífeyrisgreiðslum því enginn. Þessar greiðslur námu alls 2.035 millj. kr. á árinu 2009. Hlutur launagreiðenda (aðallega ríkisins) í lífeyrisgreiðslum B-deildar LSR, til fyrrum embættismanna og Lífeyrissjóðs hjúkrunarfræðinga, var 8.737 millj. kr. á sama ári en hlutur þessara sjóða í lífeyrisgreiðslum nam 12.585 millj. kr. á sama ári.

2. *Hversu margir lífeyrisþegar fá greiðslur vegna lífeyristrygginga frá ríkinu, sundurliðað milli ríkistryggða kerfisins og almenna kerfisins?*

Í desember 2009 fengu samtals 41.732 einstaklingar greiddan ellilífeyri, örorkulífeyri, örorkustyrk eða endurhæfingarlífeyri frá TR. Bráðabirgðatala fyrir árið 2010 er 41.662 einstaklingar.

Meðalfjöldi allra lífeyrisþega hjá LSR á árinu 2009 var 13.656 manns. Bráðabirgðatala fyrir árið 2010 er 14.372 einstaklingar.

3. *Hver hefur þróun síðustu fimm ára verið í fjölda lífeyrisþega og í útgjöldum ríkisins vegna lífeyristrygginga?*

**A. Fjöldi lífeyrisþega.**

Fjöldi einstaklinga sem fengu greiddan ellilífeyri, örorkulífeyri, örorkustyrk eða endurhæfingarlífeyri frá TR í desember ár hvert:

- Árið 2006: 41.785
- Árið 2007: 42.623
- Árið 2008: 43.816
- Árið 2009: 41.732
- Árið 2010: 41.662 (bráðabirgðatala)

Meðalfjöldi allra lífeyrisþega hjá LSR ár hvert:

- Árið 2006: 11.161
- Árið 2007: 11.791
- Árið 2008: 12.480
- Árið 2009: 13.656
- Árið 2010: 14.372 (bráðabirgðatala)

### **B. Útgjöld ríkisins.**

Útgjöld TR ár hvert (ellilífeyrir, örorkulífeyrir, aldurstengd örorkuuppbót, tekjutrygging, örorkustyrkur, barnlífeyrir, endurhæfingarlífeyrir, heimilisuppbót og uppbætur á lífeyri):

- Árið 2006: 37.622 millj. kr.
- Árið 2007: 42.564 millj. kr.
- Árið 2008: 49.137 millj. kr.
- Árið 2009: 53.531 millj. kr.
- Árið 2010: 51.991 millj. kr. (bráðabirgðatala)

Heildarútgjöld LSR ár hvert:

- Árið 2006: 15.363 millj. kr., þar af hlutur launagreiðenda 6.395 millj. kr.
- Árið 2007: 17.538 millj. kr., þar af hlutur launagreiðenda 7.075 millj. kr.
- Árið 2008: 20.099 millj. kr., þar af hlutur launagreiðenda 8.052 millj. kr.
- Árið 2009: 23.358 millj. kr., þar af hlutur launagreiðenda 8.737 millj. kr.
- Árið 2010: 24.147 millj. kr., þar af hlutur launagreiðenda 8.646 millj. kr. (bráðabirgðatölur)